



Sálfræðival. 6. Bekkur

Í vetur verður fjallað um sögu sögu sálfræðinnar, kenningar hennar, vinnubrögð og viðfangsefni. Sjónum verður sérstaklega beint að fimm megin sjónarhornum sálfræðinnar og nokkrar undirgreinar hennar jafnframt skoðaðar.

Námsmarkmið:

Nemendur;

- þekki helstu stefnur, kenningar, hugtök og hugmyndasmiði sálfræðinnar
- viti við hvað sálfræðingar starfa og kynnist því hvernig hægt er að nota sálfræðilega þekkingu til að takast á við daglegt líf
- þekki tengsl helstu álitamála í sálfræði við heimspekilega hugsun
- þekki til helstu geðraskana
- skilji og geti beitt grunnhugtökum atferlisfræðinnar og sálgreiningar
- kunni grunnlíkan hugrænu sálfræðinnar um minni og þekki til kenninga um hugræn skemu og hugrænan þroska barna
- velti fyrir sér hugtökunum hamingja, þroski, frjáls vilji, mannúð og illska með hliðsjón af mannúðarsálfræðinn

Námsefni:

Rafrænt lesefni frá kennara

Glósur og verkefni frá kennara

Annað efni, til dæmis myndbönd, blaðgreinar og fleira

Kennsluform.

Kenndar eru 3 stundir í viku og fer kennsla fram með umræðum, tímaverkefnum, einnig eru glærur og ýmis verkefni frá kennara sem nemendur vinna sjálfstætt eða með öðrum. Mjög mikilvægt er að nemendur séu virkir og taki þátt í tímum, nemendur verða að lesa efnið vel og undirbúa sig fyrir tíma. Nemendum er líka velkomið að koma með innlegg eða hugmyndir til umfjöllunar í tíma eitthvað úr samfélaginu hverju sinni er snerta sálfræði. Til dæmis áhugaverð viðtöl, þættir, fréttir og annað slíkt sem þeim finnst áhugvert og vilja vekja athygli á.

Námsmat:

Símat

2-3 kaflapróf yfir veturinn. Tvær hæstu einkunnir gilda (40%)

Fyrirlestur (30%)

Mæting og virkni í tímum (nemendur mæta undirbúnir í tíma og taka virkan þátt í tímum, tímaverkefni og annað) 30%

Með fyrirvara um breytingar,

Margrét Adolfsdóttir